



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Námskeið	Tómstundaframboð - vor 2026 - Lýsing á námskeiði	Kostnaður	Tími
Valur	Rútuferðir eru frá Ísaksskóla í Valsheimilið. Skráningar fara fram hjá Val. Foreldrar sækja börn sín eftir æfingar í Valsheimilið.	Greiðist hjá Val	2-3 x í viku
Æskusirkusinn	Börnin fá tækifæri til að læra hinar ýmsu sirkuskúnstir s.s. trúðamennsku, gripl (juggling), loftfímleika o.fl. Ath. 15 börn að hámarki í hópi. Kl 14:10-15:00. Hefst 21. janúar, skráning inni á https://www.sportabler.com/shop/sirkus	18.000,-	Miðvikudagur
Barnakór	Barnakór Ísaksskóla samanstendur af eldri kór (8 og 9 ára nemendum) og yngri kór (7 ára nemendum). Eldri kór æfir á þriðjudögum kl. 14:15-15:00 og yngri kór æfir á miðvikudögum kl. 14:15-14:50. Hóparnir haldast eins en nýskráningar eða breytingar fara fram hjá Vigdís tónmenntakennara og kórstjóra á netfangið vigdis@isaksskoli.is . Hefst 20. janúar.	Enginn	Þriðjudagur og miðvikudagur
Jóga	Í krakkajóga er gaman. Kennar eru ýmsar jógastöður og æfingar sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Við lærum líka einfaldar öndunaræfingar og stuttar hugleiðslur. Syngjum möntrur með hreyfingum og förum í leiki. Allir tímar enda á slökun. 8 skipti. Hefst 21. janúar, 14:15-15:00. Skráning: herdis@isaksskoli.is	22.000,-	Miðvikudagur
Táknmál	Þegar við tölum táknmál þá notum við hendur til að tjá okkur og augu til að nema. Á vorönninni lærum ýmis tákn fyrir fjölskyldumeðlimi eins og mamma, pabbi, systir, bróðir o.s.frv. Við lærum að stafa nafnið okkar og fáum okkar eigið nafnatákn. Við lærum ýmis tákn fyrir þorramat eins og hákarl, svið, blóðmör og hrútpunga. Einnig lærum við litina, tölurnar, daganana, mánuði og ýmis pásكاتákn. Umfram allt á að vera skemmtilegt að koma í táknmálstíma. Við lærum best í gegnum leik og munum því læra táknmál í gegnum alls kyns leiki og spil eins og bingó, slönguspil, myllu, zudoku og minnisspil. Hefst 15. janúar og verður í 10 skipti. 15% systkina-afsláttur. Skráning: dagny@isaksskoli.is	20.000,-	Fimmtudagur
Kínverska	Kennari er Yabei. Kennslan byggist á leik, söng og kennslubókum á íslensku sem eru litríkar og skemmtilegar. Yngri hópur, 10 í hópi, eru frá kl 14:10-14:50. Eldri hópur, 10 í hópi, frá 15:00-15:40. Hefst 19. janúar. Hóparnir haldast eins en nýskráningar eða breytingar fara fram hjá helga@isaksskoli.is	Enginn	Mánudagur
Forritun	Lego forritun með Spike Essential LEGO® Education SPIKE™ Essential Set er hannað fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára. Með því að sameina litríka LEGO kubba, einfaldan vélbúnað og forritunarmál sem byggt er á Scratch, styður SPIKE Essential nemendur í að hugsa á gagnrýnninn hátt og leysa flókin vandamál. Frá auðveldum verkefnum til takmarkalausra skapandi möguleika á hönnun hjálpar SPIKE Essential nemendum að öðlast nauðsynlega STEAM og 21. aldar færni. Námskeiðið hentar öllum nemendum 1.-4. bekk og er 8 skipti. Boðið verður upp á tímasetningar kl:14 og kl:15 ef skráning verður mikil. Mikilvægt er að taka fram klukkan hvað nemendur vilja vera. Hámarksfjöldi nemenda í hóp eru 12. Hefst 20. janúar. Skráning: kolbrun@isaksskoli.is	20.000,-	Þriðjudagur
Mudo Taekwondo	Kennari er Sigursteinn Snorrason 7. dan. Æfingarnar samanstanda af uppbyggilegum æfingum í bland við leiki. Mikil áhersla er á almenna fimi, styrk og liðleika. Einkunnarorð Mudo eru: sjálfstraust, sjálfsagi, sjálfsvörn - við búum til sterkari börn. 12 tímar, hefst 26. janúar. Yngri hópur 6-7 ára kl: 14:00-14:40. Eldri hópur 8-9 ára kl: 14:40-15:20. Skráning: sigursteinn@taekwondo.is	29.900,-	Mánudagur
Leynileikhúsið	Leynileikhúsið verður með leiklistarnámskeið sem hefst 30. janúar og lokasýning 19. apríl. 8-9 ára: 14:10-15:10 og 6-7 ára: 15:15-16:10. Kennslan fer fram í 10 skipti í skólanum, áhersla á leikgleði og frumsköpun. Börnin semja eigin leikverk. Námskeiðið lýkur með lokasýningu í leikhúsi þar sem foreldrar og fjölskylda eru boðin. Skráning: leynileikhusid.is Spurningar: leynileik@gmail.com	40.000,-	Föstudagur